

FRÉTTATILKYNNING

29. september 2011

-Uppsögn forstjóra félagsins-

Í yfirlýsingu sem Birgir Jónsson fráfarandi forstjóri Iceland Express sendi til fjölmiðla nú undir kvöld tilkynnti hann um starfslok sín sem forstjóri félagsins.

Ástæðuna nefnir Birgir vera þá að hann hafi ekki fengið það frelsi til að stýra rekstri félagsins, sem honum hafi verið lofað í upphafi. Af þessu tilefni er rétt að fram komi:

Þegar Birgir tók við sem forstjóri félagsins varð að samkomulagi að hann myndi stýra daglegum rekstri þess eins og almennt gildir um forstjóra fyrirtækja. Fyrr í þessari viku kom hann hins vegar með hugmyndir sem fólu það í sér að hreinsa út hlura af yfirstjórn félagsins, og ráða í hans stað fólk sér nákomið. Stjórn félagsins féllst ekki á þetta. Í kjölfar þess sagði Birgir upp störfum nú í morgun. Í samkomulagi við Birgi fólst ekki að honum yrði afhent eigendavald yfir félaginu.

Það hvernig Birgir ákveður síðan að tilkynna um starfslok sín einhliða og án samráðs við stjórn félagsins, eftir að hann hafði staðfest skriflega fyrr í dag að reynt yrði að hafa samráð um það og ekkert færi frá honum fyrr en á sunnudag segir meira en mörg orð.

Stjórn Iceland Express lýsir yfir undrun sinni á því hvernig mál hafa þróast sérstaklega miðað við hvernig Birgir kynnti hugmyndir sínar í upphafi ráðningar um framtíð félagsins.